

Hæstaréttardómar.

Útgefandi: Hæstiréttur.

LXVIII. árgangur.

2. hefti.

1987

Miðvikudaginn 20. maí 1987.

Nr. 261/1986.

Ákærvaldið

(Hallvarður Einvarðsson ríkissaksóknari)
gegn

Halldóru Árndisi Ingvadóttur

Ævari Kjartanssyni

Ragnheiði Þórðardóttur

Margréti Guðmundsdóttur

Stefáni Karli Linnet

Ögmundi Jónassyni

Hannesi Jóhannssyni

Ragnheiði Valdimarsdóttur

Gunnari Halldóri Baldurssyni og

Guðrúnu Pálsdóttur

(Páll Arnór Pálsson hrl.)

Sýknað af ákæru um brot gegn 176. gr. alm. hegningarlaga.
Sératkvæði.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Halldór Þorbjörnsson, Guðmundur Jónsson, Guðmundur Skaftason og Magnús Þ. Torfason og Björn Þ. Guðmundsson prófessor.

Héraðsdómi er áfrýjað til Hæstaréttar af hálfu ákærvalds hinn 15. september 1986 til sakfellingar samkvæmt ákæru og til ákvörðunar refsingar. Ágrip dómsgerða barst Hæstarétti 6. febrúar 1987.

Eftir uppsögu héraðsdóms hefur verið aflað nokkurra nýrra gagna um útsendingar Ríkisútvarpsins 1.-3. október 1984. Í bréfi Ríkisútvarpsins 9. mars 1987, sem lagt hefur verið fyrir Hæstarétt, segir svo:

„Svar við fyrirspurn hvort slökkt hafi verið á útsendingarborði og sendum dagana 1. til 3. október 1984, þegar útsendingu dagskrár var hætt.

Eftir að samþykkt var á fundi í Starfsmannafélagi Ríkisútvarpsins að hætta útsendingu dagskrár, var útsending stöðvuð kl. 13:04, samkvæmt bókun í dagbók útsendingar.

Ekki var slökkt á útsendingarborði né sendum.

Pulur og útsendingarstjóri voru alltaf á sínum vöktum og því tilbúnir að taka á móti og útvarpa fyrirvaralaust tilkynningum frá lögreglu, Slysavarnarfélagi Íslands, Almannavörnum og öðrum tilkynningum í almannapágu.

Veðurfréttum var alltaf útvarpað á réttum tímum. Vaktir þula og útsendingarstjóra voru frá kl. 7:00 að morgni til kl. 24:00 að kvöldi. “

Telja verður að ákærðu og samstarfsmönnum þeirra hjá Ríkisútvarpinu hafi eigi verið rétt að leggja niður vinnu eins og þau gerðu hinn 1. október 1984. Sú háttsemi þeirra verður hins vegar ekki talin falla undir verknaðarlýsingu 176. gr. alm. hgl. nr. 19/1940 svo sem rétt þykir að skýra það ákvæði. Ber því að staðfesta niðurstöðu hins áfrýjaða dóms.

Sakarkostnaður greiðist úr ríkissjóði eins og greinir í dómsorði.

D ó m s o r ð:

Hinn áfrýjaði dómur á að vera óraskaður.

Sakarkostnaður í héraði og áfrýjunarkostnaður fyrir Hæstarétti þar með talin málsvarnarlaun skipaðs verjanda ákærðu, Páls Arnórs Pálssonar hæstaréttarlögmanns, samtals 50.000,00 krónur, greiðist úr ríkissjóði.

S é r a t k v æ ð i

**hæstaréttardómaranna Halldórs Þorbjörnssonar og
Magnúsar Þ. Torfasonar.**

Eigi verður litið svo á að vegna ákvæða 1. mgr. 20. greinar laga nr. 38/1954 um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins hafi verið lögskylt að greiða ákærðu og samstarfsmönnum þeirra hjá Ríkisútvarpinu laun fyrir októbermánuð 1984 á fyrsta starfsdegi þess mánaðar nema til þess dags er áður boðað verkfall átti að hefjast. Synjun ákærðu á að sinna skyldustörfum sínum og það frumkvæði sem þeir áttu að ákvörðun starfsmannafélaganna var því án lögmætra ástæðna. Sú háttsemi starfsmannanna að leggja niður vinnu leiddi til verulegra truflana á útvarps- og sjónvarpsrekstri. Varðar atferli þeirra samkvæmt þessu við 176. gr. almennra hegningarlaga

nr. 19/1940 svo sem skýra ber það ákvæði eftir orðum sínum og með hliðsjón af þeim athugasemdum sem því fylgdu í greinargerð með frumvarpinu að lögum þessum.

Eftir öllum atvikum teljum við rétt að fresta megi ákvörðun um refsingu ákærðu og að hún falli niður að liðnum tveimur árum frá birtingu dóms þessa haldi þeir almennt skilorð 57. greinar almennra hegningarlaga, sbr. 4. gr. laga nr. 22/1955.

Við teljum að dæma beri ákærðu til að greiða óskipt allan sakar-kostnað, bæði í héraði og fyrir Hæstarétti, þar með talin saksóknar-laun í ríkissjóð samtals 50.000,00 krónur, og laun skipaðs verjanda síns, Páls A. Pálssonar hæstaréttarlögmans, samtals 50.000,00 krónur.

Dómur sakadóms Reykjavíkur 2. september 1986.

Ár 1986, þriðjudaginn 2. september, var á dómþingi sakadóms, sem háð var að Borgartúni 7 í Reykjavík af Ármanni Kristinssyni sakadómar, kveðinn upp dómur í máli nr. 426-435/1986: Ákærvaldið gegn Halldóru Árndísi Ingvadóttur, Ævari Kjartanssyni, Ragnheiði Þórðardóttur, Margréti Guðmundsdóttur, Stefáni Karli Linnet, Ögmundi Jónassyni, Hannesi Jóhannssyni, Ragnheiði Valdimarsdóttur, Gunnari Halldóri Baldurssyni og Guðrúnu Pálsdóttur, sem tekið var til dóms 22. fyrra mánaðar.

Málið er höfðað með ákæru ríkissaksóknara, dagsettri 11. janúar 1985, gegn ákærðu Halldóru Árndísi Ingvadóttur, fulltrúa og formanni Starfsmannafélags útvarpsins, Lynghaga 4, Reykjavík, fæddri 26. september 1945 í Reykjavík, Ævari Kjartanssyni, varadagskrárstjóra og varaformanni Starfsmannafélags útvarpsins, Nönnugötu 4, Reykjavík, fæddum 26. ágúst 1950 í Reykjavík, Ragnheiði Þórðardóttur, fulltrúa og gjaldkera í Starfsmannafélagi útvarpsins, Sólvallagötu 53, Reykjavík, fæddri 22. febrúar 1934 í Reykjavík, Margréti Guðmundsdóttur, fulltrúa og meðstjórnanda í Starfsmannafélagi útvarpsins, Torfufelli 31, Reykjavík, fæddri 16. ágúst 1945 í Reykjavík, Stefáni Karli Linnet, útsendingarstjóra og meðstjórnanda í Starfsmannafélagi útvarpsins, Skipasundi 43, Reykjavík, fæddum 19. nóvember 1922 á Sauðárkróki, Ögmundi Jónassyni, fréttamanni og formanni Starfsmannafélags sjónvarpsins, Hofsvallagötu 42, Reykjavík, fæddum 17. júlí 1948 í Reykjavík, Hannesi Jóhannssyni, tæknistjóra og gjaldkera í Starfsmannafélagi sjónvarpsins, Hjallaseli 18, Reykjavík, fæddum 5. nóvember 1949 í Hong Kong, Ragnheiði Valdimarsdóttur, dag-skrárklippara og meðstjórnanda í Starfsmannafélagi sjónvarpsins, Skaftahlíð 9, Reykjavík, fæddri 18. júní 1949 í Reykjavík, Gunnari Halldóri Baldurssyni, deildarfulltrúa og varamanni í stjórn Starfsmannafélags sjón-

varpsins, Miðvangi 4, Hafnarfirði, fæddum 4. október 1947 í Reykjavík, og Guðrúnu Pálsdóttur, aðstoðardagskrárgerðarmanni og gjaldkera í stjórn Starfsmannafélags sjónvarpsins, Nönnugötu 16, Reykjavík, fæddri 5. ágúst 1949 í Reykjavík.

Öllum ákærðu er gefið að sök að hafa haft forgöngu í nafni starfsmannafélaga Ríkisútvarpsins um að starfsmenn Ríkisútvarpsins stöðvuðu með ólögmeðum hætti útsendingar hljóðvarps frá kl. 13:00 mánudaginn 1. október 1984 og hæfu ekki útsendingar sjónvarpsins samkvæmt dagskrá þá um kvöldið og síðan valdið verulegri truflun á öllum útvarpsrekstri með því að koma í veg fyrir nær allar útsendingar hljóðvarps og allar útsendingar sjónvarps fram til miðnætis miðvikudagsins 3. október 1984, að verkfall opinberra starfsmanna innan Bandalags starfsmanna ríkis og bæja hófst.

Framanlýst atferli ákærðu telst varða við 176. gr., sbr. 138. gr. almennra hegningarlaga nr. 19, 1940.

Þess er krafist að ákærðu verði dæmd til refsingar og til greiðslu alls sakarkostnaðar.

Málsatvik eru svofellð:

Í bréfi, sem ríkissaksóknari ritaði rannsóknarlögreglustjóra ríkisins hinn 9. október 1984, segir meðal annars: „Nokkru eftir kl. 13 mánudaginn 1. þ.m. stöðvuðust útsendingar Ríkisútvarpsins skyndilega og höfðu þær ekki hafist að nýju þegar verkfall starfsmanna í BSRB hófst á miðnætti aðfaranótt fimmtudagsins 4. þ.m.

Af þessu tilefni hafa embætti ríkissaksóknara borist tvö bréf, dags. í gær, annað undirritað af Auðuni S. Sigurðssyni fyrir hönd Félags frjálshyggjumanna en hitt undirritað af Sveini R. Eyjólfssyni, Herði Einarssyni, Ellert B. Schram og Jónasi Kristjánssyni, fyrirsvarsmönnum „Fréttatúvarpsins“, þar sem þeir kæra starfsmenn Ríkisútvarpsins fyrir ætlað brot gegn 176. gr. almennra hegningarlaga nr. 19, 1940 með því að leggja niður vinnu og stöðva útsendingar á vegum Ríkisútvarpsins 1. þ.m. Bréf þessi fylgja hjálaga (sic).

Almannahagsmuna vegna er hér með lagt fyrir yður að hefjast handa um opinbera rannsókn á framangreindum sakarefnum, sem þykja geta varðað við 176. gr. sbr. 138. gr. hegningarlaganna.

Rannsóknin skal meðal annars beinast að eftirfarandi atriðum:

1. Hverjar voru orsakir þess að útsendingar Ríkisútvarpsins, hljóðvarps og sjónvarps, stöðvuðust 1. október sl.?
2. Hverjir stöðvuðu útsendingarnar og hvaða einstaklingar réðu því eða höfðu forgöngu um að það var gert?
3. Hverjir lögðu niður vinnu?
4. Hvað fór á milli þeirra einstaklinga sem réðu stöðvun útsendinga og

útvarpsstjóra áður en, um leið og eftir að útsendingar voru stöðvaðar? Ef skrifleg gögn eru til, verði þeirra aflað eða ljósrita af þeim.“

Rannsóknarlögreglustjóri ríkisins beindi fyrirspurnum ríkissaksóknara til útvarpsstjóra, og voru svör hans svofelld:

„1. Ástæður til þess að útsendingar ríkisútvarps, útvarps og sjónvarps, stöðvuðust 1. október s.l. eru skýrðar af hálfu starfsmanna í bréfum, sem útvarpsstjóra bárust frá stjórnarmönnum starfsmannafélaga þessara starfsdeilda Ríkisútvarpsins fyrir og um hádegi 1. október síðastliðinn. Ljósrit af þeim bréfum eru lögð hér með sem fylgiskjöl. Bréf þessi voru afhent menntamálaráðuneyti og launadeild fjármálaráðuneytis eftir hádegi samdægurs.

2. Útvarpsstjóri hefur hvorki rétt né skyldu til að sitja fundi þessara hagsmunasamtaka starfsmanna. Ráð manna og forganga á fundum þeirra, sem spurt er um, er honum því ókunn að öðru en þeim fundasamþykktum sem til hans er beint. Útsendingar voru ekki í sjónvarpi á þeim tíma sem starfsmenn hættu þar störfum. Í starfsmannafélagi útvarps var samþykkt að leggja niður vinnu kl. 13:00.

3. Vinnu lögðu niður félagsmenn BSRB í starfsmannafélagi sjónvarps nema fjórir gæslumenn hússins og Pálína Oddsdóttir skrifstofustjóri, sem var á þessum tíma staðgengill framkvæmdastjóra. BSRB félagar í útvarpi lögðu niður vinnu nema Guðmundur Jónsson framkvæmdastjóri útvarps og starfsfólk á neyðarvakt sem tók umyrðalaust og óáreitt til starfa þegar í stað eftir að útsendingar hættu. Höfðu þeir sem hófu neyðarþjónustu verið samþykktir af kjaradeilunefnd með bréfi dags. 30. september og valdir með hliðsjón af svipuðum aðstæðum í verkfalli opinberra starfsmanna 1977. Ennfremur unnu þeir félagar í BSRB sem fá laun greidd eftir á áfram til 4. október.

4. Skrifleg gögn um samskipti starfsmannafélaga útvarps og sjónvarps við útvarpsstjóra eru þau bréf sem fylgja hér með í ljósríti og áður hefur verið getið.“

Í bréfum þeim, sem útvarpsstjóri vikur að og efnislega eru samhjóða, segir meðal annars: „Fastir starfsmenn útvarpsins (sjónvarpsins) hafa ekki fengið mánaðarlaun sín greidd að fullu í dag, hinn 1. október eins og lög gera ráð fyrir (sbr. 20. grein laga nr. 38/1954 með breytingum skv. lögum nr. 44/1961, 27/1965 og 31/1976). Stjórn starfsmannafélags útvarpsins (sjónvarpsins) óskar eftir því að yfirstjórn stofnunarinnar hafi þegar í stað samband við viðeigandi stjórnvöld og krefjist þess að farið verði að lögum. Þar til svo verður gert sjá starfsmenn útvarpsins (sjónvarpsins) sér ekki fært að sinna störfum sínum og vill SRÚ (SFS) í því sambandi minna á að það er viðtekin meginregla í vinnurétti að launþegi sem ekki fær greidd laun sín með umsömdum eða lögbundnum hætti getur fyrirvaralaust lagt niður

vinnu, án þess að það teljist brot á vinnusamningum.“ Í bréfunum er þess farið á leit að ógreidd yfirvinna starfsmanna verði goldin þegar í stað. Loks hefur verið lagt fram í málinu bréf fjármálaráðuneytis til ríkissaksóknara, dagsett hinn 4. nóvember 1985, en þar kemur meðal annars þetta fram: „Á ríkisstjórnarfund 20. september 1984 var m.a. rætt um hvernig hagað skyldi launagreiðslum vegna októbermánaðar. Varð niðurstaðan sú að fjármálaráðherra var veitt umboð til að taka endanlega ákvörðun um afgreiðslumáta.

Fimmtudaginn 27. september 1984 tók fjármálaráðherra endanlega þá ákvörðun að aðeins skyldi greiða þeim starfsmönnum sem fóru í verkfall fyrir 3 fyrstu dagana í október.“

Ákærð hafa öll kannast við nafnritanir sínar á fyrrnefnd bréf til útvarpsstjóra. Þau skýrðu frá því að fjölmennir fundir starfsmannafélaganna hafi verið einhuga um efni bréfanna og ákærð undirritað þau sem stjórnarmenn. Hverjum og einum hafi verið í sjálfs vald sett hvort hann legði niður vinnu, og ákærð í engu haft áhrif á ákvarðanir félaga sinna.

Engin skráning fór fram, og af gögnum málsins verður ekki ráðið, hversu stór hluti starfsmanna var fjarverandi.

Ákærð hafa staðhæft, að þau hafi lagt niður störf sín í því skyni að leggja áherslu á ógreiddar launakröfur, sem þau töldu gjaldfallnar. Tilgangur þeirra hafi hins vegar ekki verið sá að stöðva eða valda verulegri truflun á útvarpsrekstri, enda þau ekkert aðhafst í þá átt eða slíkt verið á þeirra færi. Að sögn ákærðu var þess ekki farið á leit, að þau hæfu störf að nýju.

Ákærður Stefán Karl Linnet útsendingarstjóri ríkisútvarpsins vildi að fram kæmi að útsendingar hafi ekki stöðvast nefnda daga nema að því marki, að áður auglýst dagskrá lagðist niður. Vakt hafi allan tímann verið í ríkisútvarpinu og með engum fyrirvara unnt að hefja útsendingar, hvenær sem var, ef nauðsyn byði, svo sem fyrir almannavarnir, stjórnvöld, lögreglu, tilkynningaskyldu skipa, slysavarnafélög, veðurstofu og alla þá aðila aðra, sem þyrftu að koma á framfæri áriðandi tilkynningum. Sjálfur hafi hann til að mynda margreynt beint samband við almannavarnir, en með því væri kleift að útvarpa fregnum án aðstoðar þula.

Svo sem áður er rakið hafa ákærð fullyrt að þau hafi viljað knýja á um greiðslur starfslauna sem ógoldin voru og að þeirra mati í eindaga fallin. Ásetningur þeirra hafi ekki beinst að því að raska útvarpsrekstri. Ákærð unnu ekki spjöll á tækniþúnaði útvarpsins og þau reyndu ekki að koma í veg fyrir að aðrir, sem ekki lögðu niður vinnu, gætu starfrækt útvarpið. Ekkert er fram komið því til styrktar að ákærð hafi haft forgöngu um að starfsemi útvarpsins stöðvaðist. Þess var ekki farið á leit við ákærðu að þau hæfu störf að nýju. Öryggisvakt starfsfólks var hjá ríkisútvarpinu allan tímann.

Með vísan til framanritaðs og eins og orðalagi 176. gr. almennra hegningarlagar nr. 19, 1940 er háttað verður ekki talið að ákærð, sem fæst unnu við beinar útsendingar, hafi með því verknaðar- eða aðgerðarleysi sínu að sitja heima brotið refsíákvæði greinarinnar, en í henni er skilyrði refsí-ábyrgðar að truflun sé valdið með ólögmaetum verknaði.

Ber því að sýkna þau af öllum kröfum ákæruvalds í málinu og dæma ríkissjóð til að greiða sakarkostnað, þar með talin málsvarnarlaun Páls Arnórs Pálssonar hæstaréttarlögmanns, skipaðs verjanda ákærðu, kr. 10.000,00.

D ó m s o r ð:

Ákærð, Halldóra Árnís Ingvadóttir, Ævar Kjartansson, Ragnheiður Þórðardóttir, Margrét Guðmundsdóttir, Stefán Karl Linnet, Ögmundur Jónasson, Hannes Jóhannsson, Ragnheiður Valdimarsdóttir, Gunnar Halldór Baldursson og Guðrún Pálsdóttir, skulu vera sýkn af öllum kröfum ákæruvalds.

Kostnaður sakarinnar greiðist úr ríkissjóði, þar með talin málsvarnarlaun Páls Arnórs Pálssonar hæstaréttarlögmanns, skipaðs verjanda ákærðu, krónur 10.000,00.

Dómi ber að fullnægja með aðför að lögum.

Miðvikudaginn 20. maí 1987.

Nr. 206/1986. **Guðrún Gyða Ölvisdóttir**

(Sigurður Helgi Guðjónsson hrl.)

gegn

Heilbrigðisráðherra f.h. ríkisspítalanna

og fjármálaráðherra f.h. ríkissjóðs

(Guðrún Margrét Árnadóttir hrl.)

Skaðabótamál. Skaðabótaábyrgð hins opinbera.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Magnús Thoroddsen, Guðmundur Skaftason, Magnús Þ. Torfason og prófessorarnir Björn Þ. Guðmundsson og Gaukur Jörundsson.